

## **56. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn heima að Hólum hinn 7. nóvember 2017, kl. 13:00.**

Mætt voru: á Hólum Erla Björk Örnólfsdóttir (EBÖ), Sveinn Ragnarsson (SR), Jón E. Friðriksson (JEF), á fjarfundi voru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (GPG), Katrín Sigurðardóttir (KS) og Sævar Skaptason (SS). Fríða Hansen boðaði forföll. Sveinn Ragnarsson ritaði fundargerð. Notast var við forritið ZOOM til fjarskipta yfir netið.

EBÖ setti fundinn (kl. 13:30). Áður en gengið var til dagskrár var fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Dagskrá samþykkt, eins og hún var fyrir lögð:

Gengið til dagskrár.

### **1. Stjórnendapjálfun Strategic Leadership.**

EBÖ hélt stuttan inngang þar sem hún kynnti aðdraganda og framkvæmd námskeiðsins og síðan tók SR við og kynnti hvernig stjórnendateymið vann að þessu með þjálfara frá fyrirtækinu Strategic Leadership, frá apríl fram í október. Kynnt voru styrkleikapróf, 360° mat, markþjálfun o.fl. SR og EBÖ kynntu síðan mat sitt á því hvernig til hafi tekist og verður athyglivert að sjá hvernig teymið vinnur með þetta í framhaldinu. Voru fundarmenn ánægðir að heyra hversu vel tókst til. EBÖ þakkaði háskólaráði fyrir að leggja til að slíkt námskeið skyldi haldið. .

### **2. Rekstraráætlun ársins 2018.**

EBÖ kynnti rekstraráætlun 2018 fyrir HH og útskýrði helstu kennitölur. Ekki er bætt í starfsemi skólans á neinn hátt frá 2017, hann er á pari; þó hefur launakostnaður hækkað og doktorsnemar eru nú á launaskrá í stað þess að vera á verkefnastyrk. Horfur ársins í ár (2017) eru neikvæðar um 20 milljónir króna og er meginástæðan sú að það láðist að gera ráð fyrir skilyrtum hækkunum skv. kjaradómi þeirra sem eru í stéttarfélögum BHM. Í greinargerð sem fylgir rekstraráætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir að rekstrarhallinn frá 2017 fylgi skólanum áfram og að ekki sé forsvaranlegt að hagræða í rekstri sem því nemur. Einnig kemur fram í greinargerð að HH telur samtali EBÖ og SS við menntamálaráðherra um fjármögnun háskólans ekki lokið.

SR bendir á að það sé afar dapurlegt að ekki sé hægt að efla skólann einsog efni standa til.. Í síðustu áætlun hafi verið gert ráð fyrir tveim nýjum stöðugildum árið 2018, einu í Ferðamáladeild og öðru í Hestafræðideild. Þetta sé afar miður og hvatti hann til að sótt yrði fram. Fundarmenn voru sammála því að þetta sé dapurlegt og að skólinn ætti að sækja fram en töldu að það ætti að gerast í samtölum við ráðherra.

Rekstraráætlun var síðan samþykkt af háskólaráði.

### **3. Jafnréttisstefna.**

EBÖ kynnti að HH hafi borist athugasemdir við jafnréttisstefnu HH frá Jafnréttisstofu þar sem óskað hefði verið eftir úrbótum, sérstaklega m.t.t. 22 greinar jafnréttis laga.

Breytingarnar voru ekki viðtækar en tengdust mest orðalagi og áherslum. Helsta breytingin var viðbætur er sneru að eftirfylgni.

Háskólaráð samþykkti nýja útgáfu jafnréttisáætlunnar HH.

4. Skipun jafnréttisfulltrúa.

EBÖ kynnti að sitjandi formaður jafnréttisnefndar HH Laufey Haraldsdóttir gæfi ekki kost á sér til starfsins áfram og hafi óskað eftir að hætta. EBÖ lagði til að Elísabeth Janssen lektor við HH tæki stöðu Laufeyjar og færi því næstu tvö árin fyrir jafnréttisnefnd HH. EBÖ kynnti einnig að hún hafi óskað eftir því við Stúdentafélag HH að það tilnefndi fulltrúa í jafnréttisnefndina. Það hefur verið gert og verður Elva Dögg Pálsdóttir fulltrúi nemenda.

Samþykkt af háskólaráði.

5. Önnur mál.

EBÖ kynnti að til stæði að halda afmælishátíð í tilefni 10 ára afmælis HH. Ætlunin er að bjóða ráðherrum (mennta- og menningarmálaráðherra og ferðamálaráðherra) sem og sveitarstjórnarmönnum og öðrum velunnurum skólans. Stefnt er að því að hátíðin verði haldin síðdegis 17. eða 24. nóvember, þar sem hugsanlega verði á dagskrá málþing með ráðherrum og nemendum.

GÞG benti á að föstudagar væru ekki vænlegir til að halda slíkan atburð heldur ætti að skoða að færa á t.d. fimmtudag.

Þetta var rætt og ber EBÖ þessa tillögu til afmælisnefndar sem sér um skipulagningu viðburðarins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:05.